

## Greinargerð með fjárhagsáætlun 2019

Framlögð fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir hallarekstri upp á kr. 18,3 mkr. en ef tekið er tillit til gjaldfærslu vegna endurbóta þá er almennur rekstur að skila jákvæðri afkomu.

Heildartekjur heimilisins eru áætlaðar 996,5 mkr. og aukast um 22,8 mkr. milli ára eða um 2,34% frá viðauka 2 við fjárhagsáætlun 2018.

Breyting á þjónustudaggjöldum milli ára er byggt á verðlags- og launaforsendum ríkisins sem fram koma í fjárlagafrumvarpi 2019 og breytingum á útgefnum greiðslustuðli Sí milli áráanna 2018 og 2019 sem byggir á breytingum á RAI þyngdarstuðli Höfða.

Varðandi gjaldahlið fjárhagsáætlunnar þá er einnig byggt á verðlags- og launaforsendum ríkisins sem fram koma í fjárlagafrumvarpi 2019.

Laun og launatengd gjöld nema 783,7 mkr. og hækka um 53,2 mkr. eða um 7,3% frá viðauka 2 við fjárhagsáætlun 2018. Laun og launatengd gjöld eru áætluð út frá launaáætlun Höfða þar sem brotið er niður á hverja deild fyrir sig. Gert er ráð fyrir 10 mkr. í óviss útgjöld vegna launa eins og fyrri áætlun.

Annar rekstrarkostnaður nemur 190,6 mkr. og hækkar um 18,9 mkr. eða um 11%. Í fjárhagsáætlun 2019 er gert ráð fyrir að ráðist verði í endurbætur á annari hæð suðurálmú Höfða ásamt íbúðum á tengigangi á fyrstu hæð sem áður var búið að áætla að fram færu á árinu 2018. Gert ráð fyrir 10 mkr. framlagi til almenns viðhalds á húsnæði Höfða í fjárhagsáætlun 2019.

Gert er ráð fyrir því að eignaraðilar Höfða fjármagni endurbæturnar og er það gert með því að Höfði tekur langtímalán að fjárhæð 145 mkr. sem eignaraðilar fjármagna með árlegu framlagi vegna afborgana og vaxtagreiðslna hvers árs fyrir sig. Því hefur fjármögnun endurbóta ekki áhrif á reglulegan rekstur Höfða.

Fjármagnsliðir nema nettó 14,6 mkr. og hækka um 500 þús. eða um 3,5%.

Samkvæmt sjóðstreymi fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019 er gert ráð fyrir að handbært fé frá rekstri nemi 9,7 mkr. og lækkar um 49,3 mkr. frá viðauka 2 við fjárhagsáætlun 2018 eða um 83,5%

Fjárfestingarhreyfingar nema 123,3 mkr. og er þar um að ræða eignfærslu á fyrirhuguðum endurbótum sem að ofan greinir.

Fjármögnunarahreyfingar nema 127,5 mkr. og er þar um að ræða afborganir af langtímalánum heimilisins upp á 17,5 mkr. og nýja lántöku upp á 145 mkr. vegna endurbóta.

Gert er ráð fyrir að handbært fé lækki um 4,8 mkr. frá viðauka 2 við fjárhagsáætlun 2018 og að handbært fé í árslok 2019 nemi 134,1 mkr.

Akranesi, 29. október 2018

Kjartan Kjartansson  
framkvæmdastjóri